



Fundargerð

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

29. fundur, föstudaginn 8. október, kl. 10:00-12:15 í Orkugarði, Reykjavík

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, Agnar Olsen, Anna G. Sverrisdóttir, Björg Eva Erlendsdóttir, Elín R. Líndal, Friðrik Dagur Arnarson, Guðni A. Jóhannesson, Helga Barðadóttir (iðnaðarráðuneytinu), Kjartan Ólafsson (formaður faghóps III), Kristinn Einarsson (OS), Kristín Huld Sigurðardóttir, Kristín Linda Árnadóttir, Stefán Arnórsson, Steinunn Fjóla Sigurðardóttir (umhverfisráðuneytinu), Sveinbjörn Björnsson (ráðgjafi), Unnur Brá Konráðsdóttir og Þóra Ellen Þórhallsdóttir. Kristinn Einarsson ritaði fundargerð.

Lagt fram á fundi: Einfaldaðar niðurstöður flokkunar á virkjunarhugmyndum í 1. áfanga rammaáætlunar (tafla 5.13)

Fundarfrásögn

- Fundargerð.** Drög að fundargerð síðasta fundar frá 2. júní 2010 eru fyrir hendi í skjalasafni, en voru ekki lögð fyrir þennan fund til samþykktar.
- Staða verkefnisins.**

Svanfríður setti fund og bauð Agnar Olsen velkominn sem nýjan fulltrúa Samorku, í stað Hjörleifs Kvaran. Fór hún yfir stöðu verkefnisins í stuttu máli. Mikil pressa var í lok síðasta árs á að skila af sér fyrir áramót. Frumvarp um rammaáætlun var ekki komið fram á þeim tíma. Verkefninu lauk í faghópum í lok janúar, en vegna tímapressu stóðu nokkrir endar út af. Ákveðið var af hálfu ráðuneytisins að niðurstöður faghópa færu í kynningarferli með aðkomu almennings. Þetta var gert og lauk í byrjun sumars. Um svipað leyti kom frumvarpið fram, en breytt frá upphaflegri gerð varðandi friðuð svæði, sem ættu að vera undanþegin mati í rammaáætlun. Það fór síðan í kynningu og hefur iðnaðarnefnd unnið að málinu síðan. Í september komu formenn faghópa saman og var m.a. rætt um athugasemdir úr kynningarferlinu og viðbrögð við þeim, og um það hvernig ljúka ætti verkefninu. Lagt er til við verkefnisstjórn að skilað verði röðun virkjunarkosta í samræmi við erindisbréf, án tillits til mögulegrar niðurstöðu í frumvarpi og væntanlegum lögum. Mögulega yrði þar um einhver „strik“ að ræða, en skilað yrði niðurstöðum á svipaðan hátt og gert var í 1. áfanga (sbr. framlagt skjal með einfölduðum niðurstöðum í töfluformi). Nánari skýringar um mögulega þróun síðan þá yrðu gefnar af Kjartani Ólafssyni undir næsta dagskrárlíð.

Elín vildi gjarna sjá drög að niðurstöðum og var ekki tilbúin að lýsa skoðun sinni strax, spurði hvort um yrði að ræða skiptingu í þrjá hópa og auk þess tillit til áhrifa náttúruverndar.

Svanfríður taldi viturlegast að halda sig við erindsbréf verkefnisstjórnar varðandi röðun og nota sömu aðferðir og í 1. áfanga, auk þeirrar aðferðarfræði sem Kjartan myndi skýra á eftir.

Stefán taldi að skýra þyrfti röðunina nánar, en gengið yrði út frá ákveðnum lista.

Kristín Huld taldi nauðsynlegt að það væri á hreinu hvað fælist í friðuðum svæðum og nefndi sérstaklega dæmi um Austurdal og Vesturdal í Skagafirði þar sem fornleifavernd er mikilvæg, t.d. vegna aldurs minjanna.

Svanfríður benti á að frumvarpið innihéldi aðeins tilvísun til náttúruverndarlaga, ekki laga um fornleifar.

Kristín Linda taldi aðferðafræði Svanfríðar vera rétta. Erindisbréf verkefnisstjórnarinnar segi til um hvað eigi að gera og það væri vönduð stjórnýsla að fylgja því. Varðandi friðuð svæði, þá taldi hún ákvæði í frumvarpinu ekki nógu skýr.

Þóra Ellen benti á að fornleifar höfðu mjög mikil áhrif í einkunnagjöf faghóps I. Friðun ætti ekki að standa í vegi fyrir því að hægt væri að meta verðmæti einstakra svæða í rammaáætlun.

Svanfríður nefndi að bráðabirgðaákvæði í frumvarpinu snéru að starfi núverandi verkefnisstjórnar. Hins vegar væri ekki hægt að bíða eftir afgreiðslu þess, enda væri erindsbréfið skýrt.

Agnar kvaðst ekki alókunnugur starfi rammaáætlunar þótt hann væri nýr í verkefnisstjórn, því hann hefði m.a. komið að málum gegnum starf í faghópi IV. Mikilvægt væri að menn í huga forsendurnar bak við röðunina, og kvaðst Agnar vera sammála formanni um málsmeðferð. Hann spurði jafnframt hvort athugasemdir úr umsagnarferlinu hafi verið meðhöndlaðar.

Svanfríður sagði síðustu athugasemdina hafa borist undir sumarið og hefðu faghóparnir ekki hitzt síðan, það væri eitt af því sem meðhöndla þyrfti núna.

Friðrik Dagur sagði það spurningu hvort taka ætti til athugunar í rammaáætlun svæði sem þegar væru tekin til annarra nota með friðlýsingu. Hann hefði miklar efasemdir um þetta.

Svanfríður benti á að það væri ekki hlutverk rammaáætlunar að ákveða neitt varðandi nýtingu svæða.

Björg Eva sagði sig skorta skilning á ferlinu og væri það of flókið. Hún skildi hins vegar Stefán þegar hann lýsti því, að gengið yrði út frá ákveðnum lista.

Stefán benti á að til grundvallar starfinu lægi sérstakt erindisbréf og viðauki við það er varðaði sjálfbærni. Hópur hefði verið að störfum um það mál og gert skýrslu, sem verkefnisstjórnin þyrfti að fá til skoðunar. Vinna yrði að málinu af einhverjum skilningi. Mikil nýting á ákveðnu jarðhitasvæði væri ekki sjálfbær og yrði það að hafa áhrif á röðunina. Taka þyrfti á því ef skoðanir í verkefnisstjórn færu ekki saman við erindisbréf.

Svanfríður taldi verkefnið standa á núllpunkti ef fylgt væri því sem Björg Eva og Stefán segðu; það vildum við ekki. Kynning á sjálfbærnisráðgjöf af hálfu formanns vinnuhópsins, Jónasar Ketilssonar, hefði verið ákveðin í því formi að um yrði að ræða innanhússfund á Orkustofnun sem verkefnisstjórn yrði boðið sérstaklega á.

Guðni skýrði frá því að lokafrágangur skýrslu sjálfbærnihópsins og kynning hennar hefði tafist vegna feðraorlofs Jónasar. Gæta þyrfti varúðar í hugtakanotkun, sjálfbærni og endurnýjanleiki væru ekki það sama, og þyrfti að skýra það vel. Hann kvaðst styðja tillögu Svanfríðar um málsmeðferð. Kynning sjálfbærnisráðgjöf færi fram mjög fljótlega.

Þóra Ellen kvaðst vera sammála Stefáni um sjálfbærnina, hún þyrfti að koma inn í vinnu og niðurstöður rammaáætlunar, meiri upplýsingar og þar með skilningur væru nauðsynlegar. Skýringar og forsendur þyrftu að vera aðgengilegar til að útkoman yrði trúverðugri. Um væri að ræða áætlun um vernd og nýtingu og opið hvar mörkin lægju. Þóra Ellen minnti á að 80% raforkunnar færu í stóriðju eins og er. Verðmætamatið hlyti að ráða því hvaða svæði yrðu undanþegin orkuvinnslu. Faghópar I og II væru búnir að raða kostum sem væru inni á vernduðum svæðum.

Björg Eva taldi suma þætti hafa verið óskýra og lagði áherslu á mikilvægi þess að geta skýrt málið fyrir öðrum. Hún spurði jafnframt um afdrif umsagna og hvort þeim yrði svarað.

Svanfríður sagði faghópana ekki hafa komið saman, þeir þyrftu að ákveða viðbrögð við umsögnum. Allir umsagnaraðilar hefðu hins vegar fengið fyrstu svör þess efnis að athugasemdin væri móttækin og yrði svarað í fyllingu tímans.

Anna benti á að grunnurinn að listum yfir virkjunarkosti hefði verið lagður fyrir 2 ½ ári, og þar á meðal var t.d. Geysir. Við hefðum átt að bregðast við þá, ef okkur leizt ekki á það vinnulag. Það þýddi mjög mikla vinnu ef taka ætti eitthvað út eða bæta við. Athugasemdir væru af tvennum toga, sumar sértækar og sneru að faghópum, en sumar væru almennar og væri eðlilegast að verkefnisstjórnin afgreiddi þær.

Stefán taldi orðið virkjunarkost ekki gott og vildi heldur ræða um virkjunarsvæði.

Svanfríður vildi ekki samþykka að breytt yrði um orðanotkun, það myndi aðeins valda ruglingi.

Elín taldi við nánari umhugsun að gagnrýni Sambands Ísl. sveitarfélaga á frumvarpið hefði aðallega snert skipulagsmál og sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga, þ.a. tillaga Svanfríðar um að skilað verði eingöngu röðun virkjunarkosta væri raunsæ, og kvaðst ekki leggjast gegn henni.

Sveinbjörn sagði verkefnisstjórnina þurfa að ákveða hvort hún vildi bíða eftir lögum um rammaáætlun og hvernig faghópar ættu að ganga til verks til að ljúka málinu. Rétt væri hjá Björgu Evu að málið væri of flókið eins og það kæmi frá faghópunum. Í 1. áfanga hefði verið brugðist við því með yfirliti um röðunina eins og sæist á framlögðu skjali, síðan hefði sú niðurstaða verið í umræðunni og stýrt allri umfjöllun. Rætt hefði verið um að hafa 5 eða 7 flokka byggða á röðuninni, en einmitt ekki þrjá, þannig að ekki yrði hægt að túlka niðurstöðuna sem ákvörðun um tillögu til Alþingis um endanlega flokkun. Að taka burt friðlýst svæði úr umfjölluninni núna myndi þýða algera upptekt á starfi faghópanna.

Svanfríður sagði það einmitt spurninguna, hvort við vildum ljúka málinu eða bíða, og tillaga hennar gengi út á að við ljúkum verkinu. Það yrði svo pólitísk ákvörðun hvernig málið yrði meðhöndlað í framhaldinu.

Guðni sagði það gott að geta klárað verkið. Við mættum ekki grípa fram fyrir hendur Alþingis. Meginniðurstöður væru þegar komnar fram.

Friðrik Dagur kvaðst frá upphafi hafa verið á móti því að friðlýst svæði væru inni í flokkuninni. Þótt þau hefðu verið skoðuð þá mætti sleppa þeim úr flokkun. Hann taldi ekki gott að sjá friðlýst svæði inni á blaði í líkingu við framlagða töflu úr 1. áfanga. Einnig taldi hann bókstafstrú hafa ríkt um of í lagatúlkun á Íslandi. Varðandi Búlandsvirkjun taldi hann ekki hægt að taka hana inn vegna skorts á forsendum varðandi aurburð. Hann sagðist ekki styðja tillögu um annað, en hins vegar væri rétt að hann hefði unnið með fyrirbyggjandi lista.

Svanfríður sagði Alþingi mundu taka afstöðu til þess hvaða svæði ættu að vera friðuð fyrir orkuvinnslu og hver ekki. Hvort það yrði gert með því að taka út fyrirfram friðuð svæði væri einnig háð ákvörðun Alþingis.

Kristín Linda kvaðst í upphafi hafa spurt, hvers vegna inni á listanum væru svæði á við Geysi. Svárið hefði verið á þá leið, að unnið yrði á faglegan hátt og þá kæmu slíkir staðir út sem verndaðir. Þetta hefði hún samþykkt. Varðandi stöðu friðaðra svæða, þá væri rétt að benda á sem dæmi að á Torfajökulssvæðinu þyrfti samþykki Umhverfisstofnunar fyrir öllum framkvæmdum. Varðandi almenna lagatúlkun, þá mætti í stuttu máli segja að í fyrsta sæti væri þar textaskýring, í öðru sæti vilji löggjafans og í þriðja sæti markmiðsskýring.

Þóra Ellen sagði mega skipta framkomnum athugasemdum varðandi faghóp I í þrennt, þær sneru í fyrsta lagi að aðferðafræði, öðru lagi að einstökum svæðum og í þriðja lagi byggðust þær á misskilningi. Hún taldi athugasemdir um aðferðafræði eiga að hafa áhrif í næstu umferð og það sama ætti að gilda um viðbótar virkjunarkosti.

Svanfríður taldi rétt að senda gagnrýni á aðferðafræði inn í framtíðina.

Kjartan benti á að aðferðafræði faghóps III hefði verið að mótast fram á síðustu stund.

Stefán kvaðst styðja röðun virkjunarkosta að því tilskildu að töflur í svipaða veru og sú sem lögð er fram hér verði skýrðar í skýrslu. Hver tafla þyrfti að geta staðið sjálfstætt. Eingöngu væri um að ræða virkjunarkosti til raforkuframleiðslu, en tillit þyrfti að taka til þess að sumir þeirra hefðu áhrif á hitaveitur til húshitunar.

Svanfríður taldi rétt að við höldum okkur við það sem okkur hefur verið falið. Einnig benti hún á að útskýringar á töflum væru aðgengilegar á vef rammaáætlunar.

Sveinbjörn kvaðst skilja hvað Stefán væri að fara, en hann gæfi sér að þessi atriði fengju ekki umfjöllun í skýrslu verkefnisstjórnar. Sjálfsgagt væri hins vegar að þau fengju slíka umfjöllun.

Kristín Huld taldi mikilvægt að fjalla um endurnýjanleika jarðhitans. Hún kvaðst styðja það að ljúka verkinu og bíða ekki eftir lagasetningu. Þar hefði áhrif hliðstæðan varðandi þjóðminjalög, en biðin eftir þeim hefði verið 9 ár.

Unnur Brá kvaðst styðja tillögu formanns um að ljúka verkinu, enda væri ljóst að vinna ætti eftir erindisbréfi. Misskilningur væri að kippa vernduðum svæðum út, því væntanlega myndi þessi vinna styrkja þau í sessi sem vernduð svæði.

Svanfríður þakkaði umræðuna og kvað ýmislegt hafa gerst síðan 2007, svo virtist sem stuðningur væri við að ljúka verkinu en bíða ekki eftir afgreiðslu frumvarpsins.

Elín lagði til í framhaldi af umræðu um fjölda flokka, að þeir yrðu 7 talsins.

Anna studdi þá tillögu.

Sveinbjörn sagði rætt um að láta einkunnir hvers faghóps koma fram. Faghópar geri tillögu um hópafjölda. Mat yrði lagt á gæði gagna, séu ákveðin atriði varðandi virkjunarhugmynd óljós þá gæti það leitt til „striks“ á því sviði.

Svanfríður kvaðst líta svo á að ekki þyrfti atkvæðagreiðslu, verkefnisstjórnin sé sammála um að ljúka verkinu.

3. Tillaga að aðferð við lokamat.

Kjartan fjallaði um viðbótargreiningu á niðurstöðum faghópa, sem vert væri að skoða. Hann varpaði upp nokkrum glærum til að varpa ljósi á, hvað það þýddi fyrir heildarniðurstöðuna að leggja saman niðurstöður faghópa; hver væru álitamálin. Á glærunum kom fram fylgni milli röðunar hjá öllum faghópum og afleiðingar þess t.d. að taka saman niðurstöður faghóps I og II. Hann spurði, hvort nóg egg yrðu eftir í körfunni að því loknu, og komst að þeirri niðurstöðu að svo væri. Einnig virtist sem svo að allmargir virkjunarkostir hefðu umhverfisáhrif og áhrif á ferðamennsku í lægri kantinum jafnframt því að vera sæmilega hagkvæmir, bæði í sjálfu sér og þjóðhagslega.

Sveinbjörn benti á að taka þyrfti tillit til stærðar á virkjunarkostum, þegar metið væri hvort nóg egg væru eftir í körfunni.

4. Önnur mál.

Unnur Brá spurði um hvernig farið yrði með Búlandsvirkjun í framhaldinu.

Guðni upplýsti að forráðamenn Búlandsvirkjunar hefðu ritað sér bréf sem orkumálastjóra í því tilefni.

Svanfríður taldi rétt að taka ákvörðun um málið á næsta fundi.

Elín benti á að gefa þyrfti upplýsingar um það fyrir fund, ef afgreiðslumál lægju fyrir.

Björg Eva spurði um flokkun athugasemda.

Svanfríður sagði það koma fram á lokuðum vef verkefnisstjórnar og kvaðst munu sjá til þess að aðgangsorð að honum yrðu send út aftur.

Helga spurði hvenær boðað yrði til næsta fundar.

Svanfríður kvaðst búast við næsta fundi verkefnisstjórnar í byrjun nóvember. Faghóparnir myndu nú koma saman. Hún þakkaði fyrir góðan fund og sleit honum að svo búnu.

Kristinn Einarsson